



Fundargerð vinnufundar um skipulagsmál.

Þriðjudaginn 3. febrúar 2009 var haldinn vinnufundur með skipulagsráðgjafa, sveitarstjórn og skipulags og byggingarnefnd.

Á fundinn mættu: Yngvi Þór Loftsson skipulagsráðgafi, Ragnhildur Helga Jónsdóttir, ráðgjafi um Staðardagskrá 21, Bragi Þór Haraldsson skipulags- og byggingarfulltrúi. Úr sveitarstjórn og skipulagsnefnd: Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Jóhannes Indriðason, Magnús B. Jónsson, Vilhelm B. Harðarsons, Björn Hallbjörnsson og Svenný Hallbjörnsdóttir.

Auk þessa sátu fundinn Sigurður Sigurðarson atvinnu og markaðsráðgjafi og Róbert F. Gunnarsson sem skipaður hefur verið í nefnd um samþættingu staðardagskrár og aðalskipulags.

1. Greinargerð um aðalskipulag:

Yngvi Þór fór yfir nokkur atriði sem varða skipulagsgerðina og fjalla þarf um í nefndum og ráðum sveitarfélagsins.

a) Samgöngur:

- Rætt var um hvar áætlað verði að Þjóðvegur komi inn í byggðina, núverandi hugmynd Vegagerðar er að hann komi inn í iðnaðarhverfi. Yngvi sendir erindi til Vegagerðarinnar varðandi þetta og almennt um vegamál. Skv. nýjum vegalögum hafa vegir verið skilgreindir upp á nýtt og fyrir liggur vegaskrá frá des 2008 sem verið er að endurskoða.
- Þjóðvegur í þéttbýli sem var áður á vegum Vegagerðarinnar stóð til að breyta en skv. heimasíðu Vegagerðarinnar hafa þessar skilgreiningar verið misskildar. Yngvi mun athuga það hjá Vegagerðinni
- Breyting á legu stofnvegur að Skagaströnd. Ákveðið var að skoða 3 leiðir, núverandi, tillögu Vegagerðar og síðan millileið.

b) Þróun byggðar í þéttbýlinu:

Yngvi taldi ástæðu til að taka frá riflegt land undir íbúðabyggð til lengri tíma þó svo að íbúðapróun gefi ekki til kynna mikla íbúðaaukningu. Þessu þarf að huga að svo mikilvægt land fyrir íbúðabyggð verði ekki nýtt til annarrar landnotkunar.



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi. Dæmi um slík svæði eru íþróttasvæði, hesthúshverfi, golfvellir og skróðgarðar.

c) Hverfisvernd:

Rætt var um hvað lægi að baki hverfisvernd. Hverfisvernd er sett fram í skipulagsvinnu og er því „heimatilbúin“ og nær yfir svæði sem sveitarstjórn hefur ákveður að vernda t.d. vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Fram hefur komið hugmynd að hverfisvernda hátopp Spákonufells og athuga þarf betur með afmörkun neðar í fjallinu og hverfisverndarákvæði.

d) Frístundabyggð/smábýlalóðir:

Sveitarfélagið á mestan hluta af landsvæði innan skipulagsmarka og því er auðveldara að skipuleggja það. Velt var upp hugmyndum um smábýlalóðir og/eða sjávarlóðir sem boðið hefur verið upp á í mörgum sveitarfélögum. Þetta hefur verið gert þar sem eftirspurn er eftir stærri lóðum m.a. með húsdýrahaldi, ræktun eða smáiðnað í næsta nágrenni við þéttbýlisstaði.

e) Fornleifaskráning:

Fornleifaskráning ekki byrjuð, hefst í vor, verið er að afla gagna. Samningur felur í sér skráningu fyrir allt sveitarfélagið.

2. Undirbúningur væntanlegs íbúafundar:

- a) Rætt var um tímasetningu á íbúafundi. Fram kom tillaga um þriðjudaginn 10. eða miðvikudaginn 11. mars kl. 17:00. Endanlegur fundartími verður ákveðinn í samráði við Blönduósbæ og Húnavatnshrepp vegna samræmingar á ferðum ráðgjafa.
- b) Fyrir íbúfundinn verður sent út fréttabréf á hvert heimili þar sem fólk verður hvatt til að mæta á fundinn og taka þátt í hugmyndavinnu við aðalskipulagið.
- c) Helstu verkefni íbúafundar yrðu:
 - a. Gera grein fyrir hvað er að baki við mismunandi landnotkunarflokka; hvað má gera, hvers konar uppbygging og hvað má ekki?
 - b. Kynna markmið og leiðir í ákveðnum þáttum.
 - c. Kynna uppdættina og þær tillögur sem verða komnar fram.



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

- d. Kynna stöðuna í Staðardagskráinnunni eins og hún verður á þeim tíma.

3. Næstu skref.

Nefndarmenn lesi yfir greinargerðir og komi athugasemdum til

Yngvi@landmotun.is

Fara þarf betur ofan í landnotkun í þéttbýlinu m.a. afmörkun á miðbænum og hafnarsvæðinu.

Fundur verður haldinn n.k. þriðjudag í nýskipaðri Staðardagskrárnefnd.

Fundi slitið kl 18.50

MBJ